

Magnús hafi verið með áfengisáhrifum, er hann ók bifreið sinni þanna dag, enda hefur hann sjálfur neitað, að svo hafi verið. Blóðsýnishorn, tekið úr honum skömmu eftir aksturinn, sker engan veginn úr um það, og framburður vitna um ástand hans um það leyti, sem hann ók bifreið sinni og eftir það, eru nokkuð óákveðnir. Þykir því bera að sýkna kærða Magnús af kæru valdstjórnarinnar vegna meintrar ölvunar við bifreiðaakstur.

Samkvæmt 38. gr. bifreiðalaganna, 14. gr. umferðarlaganna og 1. mgr. 37. gr. áfengislaganna þykir refsing kærða Magnúsar, með til-liti til 77. gr. almennra hegningarlaga, hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Hina kærðu ber að dæma in solidum til að greiða allan sakarkostnað.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

D ó m s o r ð :

Kærði Baldur Gizurarson sæti varðhaldi í 20 daga.

Kærði Magnús Guðmundur Sigurður Ólafsson sæti varðhaldi í 10 daga.

Hinir kærðu greiði in solidum allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 11. nóvember 1947.

Nr. 76/1946. **Valdstjórnin** (Hrl. Lárus Fjeldsted)

gegn

Guðjóni Gíslasyni (Hrl. Lárus Jóhannesson).

Ölvun við akstur bifreiðar.

Dómur hæstaréttar.

Atferli kærða varðar við 27. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 auk refsíákvæða þeirra, er í héraðsdómi greinir. Þykir refsing kærða hæfilega ákveðin varðhald 15 daga. Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu öku-leyfis og málskostnað í héraði.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

Dómsorð:

Kærði, Guðjón Gíslason, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og greiðslu sakarkostnaðar staðfestist.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Lárusar Fjeldsteds og Lárusar Jóhannessonar, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 9. janúar 1946.

Ár 1946, miðvikudaginn 9. janúar, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Loga Einarssyni, fulltrúa sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 42/1946: Valdstjórnin gegn Guðjóni Gíslasyni, sem tekið var til dóms 8. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Guðjóni Gíslasyni verkamanni, skála 65 á Skólavörðuholti hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, að eigin sögn fæddur 13. ágúst 1912 í Pykkvabæ í Djúpárhreppi, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

1939 $2\frac{1}{10}\%$ Kærður fyrir ölvun. Látið falla niður.

1941 $1\frac{1}{2}\%$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1941 1% Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun og árás.

1944 $1\frac{1}{4}\%$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1944 1% Dómur lögregluréttar, 10 daga varðhald og sviptur ökskirteini í 3 mánuði fyrir að vera undir áhrifum áfengis við bifreiðastjórn.

1945 $\frac{5}{4}$ Sátt, 250 kr. sekt, 700 kr. skaðabætur, fyrir brot gegn 244. gr. sbr. 256. gr. hegningarlaganna.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Miðvikudaginn 5. september s. l. klukkan 7,45 um morguninn kom Reynir Kratch, kranastjóri hjá Kol & Salt h/f, til lögregluþjónanna Þórðar Kárasonar og Guðbrandar Þorkelssonar, er þeir voru staddir á Lækjartorgi. Skýrði hann svo frá, að þá rétt áður hefði hann séð bifreiðinni R 1662 ekið upp á gangstétt á Laugavegi. Skömmu áður hafði bifreið þessari verið ekið mjög gætilega fram hjá þeim lögregluþjónunum. Fóru þeir nú að svipast um eftir henni og sáu, hvar hún stóð í Hafnarstræti hægra megin á götunni

fyrir framan Hótel Heklu. Við stýri hennar sat kærði, mjög ölv-aður, en við hlið hans Sigurbjartur Sigurbjörnsson, Álfheimum 13 A, og í aftursæti Ottó Vilhelm Simonsen, Skála 33 á Skólavörðuholti, báðir mikið drukknir. Þeir lögregluþjónarnir handtóku mennina og færðu þá á lögreglustöðina, þar sem kærði var færður í fanga-geymsluna. Neitaði hann að hafa ekið bifreiðinni og kvað einhvern annan mann hafa gert það, sem hefði haft á brott með sér kveikju-láslykil hennar. Hann fannst þó í vösum kærða. Félagar kærða viður-kenndu fyrir lögregluþjónunum, að hann hefði ekið bifreiðinni frá Barónsstíg.

Kærði skýrir svo frá málavöxtum, að nokkru eftir miðnætti þriðjudaginn 4. sept. s. l. hafi hann komið til kunningja síns, Ottós Vilhelm Simonsen, Skála 33 á Skólavörðuholti. Var þar þá fyrir fyrr-greindur Sigurbjartur Sigurbjörnsson. Settist hann að drykkju með þeim, en kærði og Ottó áttu sína brennivínsflöskuna hvor. Dvöldust þeir fyrst heima hjá Ottó, en fóru svo heim til kærða. Fundu þeir fljótt til áfengisáhrifa, og er þeir höfðu tæmt báðar brennivíns-flöskurnar, tók kærði fram þá þriðju, og byrjuðu þeir að drekka úr henni. Gerðist hann nú svo ölv-aður, að hann kveðst muna óljóst, hvað skeði eftir þetta, þar til lögregluþjónarnir handtóku hann í Hafnarstræti. Sat hann þá við stýri bifreiðar sinnar, R 1662, sem hann kveðst hafa skilið eftir fyrir utan heimili sitt fyrr um kvöldið. Dregur hann ekki í efa, að hann hafi ekið bifreiðinni frá Barónsstíg og niður í Hafnarstræti, en kveðst ekki geta sagt um, hvort hann hafi ekið henni upp á gangstétt á Laugavegi.

Fyrrgreindir félagar kærða, Ottó Vilhelm Simonsen og Sigur-bjartur Sigurbjörnsson, skýra eins frá vindrykkjunni og kærði. Muna þeir þó ekki eftir brennivínsflösku þeirri, er kærði lagði til, en efast þó ekki um, að hann hafi skýrt rétt frá um það atriði. Voru þeir svo ölv-aðir, að þeir muna mjög óljóst eftir málsatvikum. Rámar þá þó báða í, að kærði hafi talað um að fara að aka í bifreið sinni um bæinn, og að þeir hafi verið í henni, en hver ók, eða hvert hafi verið ekið, muna þeir ekki. Þá minnst þeir þess heldur ekki að hafa viðurkennt fyrir lögregluþjónunum, að kærði hefði ekið bifreiðinni. Ottó Vilhelm Simonsen hefur skýrt svo frá, að hann haldi, að þeir félagar hafi farið gangandi til Þorgríms Jónssonar bifreiðarstjóra, Vitastíg 13, sem hefur ekið bifreiðinni fyrir kærða, en getur ekki sagt um, hvort Þorgrímur hafi verið með þeim fé-lögum í bifreiðinni.

Vitnið Þorgrímur Jónsson hefur í réttarhaldi 12. sept. s. l. borið, að það hafi aldrei ekið kærða og tveim mönnum. Aftur á móti hafi það ekið kærða einum bæði drukknnum og ódrukknnum. Þá kveðst það fyrir að minnsta kosti hálfum mánuði hafa ekið eina nótt með kærða og Ottó Simonsen, sem það kannast við, lituð dukkna, og að stúlka, er það telur vera systur Ottós, hafi einnig verið með þeim.

Akstrinum lauk þannig, að milli kl. 6 og 7 um morguninn skildi vitnið við bifreiðina norðan til í Hafnarstræti við Hótel Heklu, en aksturinn hóf það milli kl. 3 og 4 um nóttina heiman að frá sér. Kveikjuláslykilinn skildi vitnið eftir í bifreiðinni, en kærði tók síðan við honum. Sá vitnið á eftir kærða og Ottó, þar sem þeir gengu upp Bankastræti, en stúlkan hafði farið úr bifreiðinni vestur í bæ. Engin deili veit vitnið á Sigurbjarti Sigurbjörnssyni og kveðst ekki kannast við nokkurn mann með því nafni. Bifreiðina R 1662 kveðst það oftast geyma fyrir utan heimili sitt, þó segir það kærða hafa geymt bifreiðina heima hjá sér fyrir um viku, vegna þess að einn hjólbarði bifreiðarinnar hafði sprungið.

Eins og málsatvikum er lýst hér að framan, verður að telja það sannað, að kærði hafi ekið bifreiðinni R 1662 með áhrifum áfengis, eins og að framan getur, enda hefur hann hvorki getað þrætt fyrir það né tilnefnt nokkurn annan, sem hefði getað ekið bifreiðinni, og ekkert komið fram í rannsókn málsins, er bendi til þess. Hefur hann með þessu atferli sínu gerzt brotlegur við 21. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 1. mgr. 23. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941.

Þá verður einnig að telja sannað með framburði vitnisins Reynis Kratch, að kærði hafi ekið bifreiðinni upp á gangstéttina á Laugavegi, enda hefur hann ekki getað mótmælt því. Hefur kærði með þessum akstri sínum einnig brotið 30. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

Refsingu kærða ber að ákveða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, og þykir hún hæfilega metin varðhald í 10 daga.

Samkvæmt 21. gr. áfengislaganna og 39. gr. bifreiðalaganna ber að svipta kærða bifreiðastjóraréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Loks ber að dæma kærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 150.00.

Nokkur dráttur hefur orðið á rekstri máls þessa. Stafar hann af því, að Þórður Björnsson fulltrúi, er með rannsókn máls þessa hafði að gera, fór héðan af landi burt um miðjan októbermánuð s. l., og bærust dómáranum málsskjölin ekki í hendur fyrr en þá. Vegna mikilla anna hins skipaða verjanda kærða varð talsverður dráttur á, að vörn málsins væri skilað.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

D ó m s o r ð :

Kærði, Guðjón Gislason, sæti varðhaldi í 10 daga.

Hann er sviptur bifreiðastjóraréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 150.00

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 14. nóvember 1947.

Nr. 91/1947. **Réttvísinn** (Hrl. Magnús Thorlacius)

gegn

Jóhanni Ásgrími Guðjónssyni

(Hrl. Guttormur Erlendsson).

Skjalafals.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdómsins ber að staðfesta hann og dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 300.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jóhann Ásgrímur Guðjónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Magnúsar Thorlacius og Guttorms Erlendssonar, kr. 300.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 22. febrúar 1947.

Ár 1947, laugardaginn 22. febrúar, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af sakadómara Bergi Jónssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 471/1947: Réttvísinn gegn Jóhanni Ásgrími Guðjónssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Jóhanni Ásgrími Guðjónssyni sjómanni, Grundarstíg 11 hér í bæ, fyrir brot gegn XVII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12, febrúar 1940 til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 3. júlí 1923